



Rangárping ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálum 2
850 Hellu

Garðabær, 14.5.2025
Málsnúmer: 202503-0083
MH/RTh/BK

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Galtalækjarskóg og Merkiðhol

Vísað er til erindis Rangárþings ytra sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 28. mars 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Galtalækjarskóg (L165042) og Merkiðhol (L192626).

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framlagða tillögu og vill koma eftirfarandi á framfæri:

Stofnunin fagnar því að haldið sé í núverandi birkiskóg á svæðinu og að skýrt komi fram að ekki megi skerða hann meira en sem nemur hússtæði bygginga. Jafnframt er jákvætt að leitast sé við að staðsetja byggingarreiði á opnum og ógrónum svæðum til að lágmarka risk á náttúrulegum vistgerðum. Að mati stofnunarinnar mætti þó hlífa birkiskóginum enn betur með því að endurskoða fyrirætlanir um staðsetningu frístundahúsa í skóginum vestast á skipulagssvæðinu, einkum á lóðum nr 1, 3, 4, 5, 7 og 12.

Í skilmálum deiliskipulags verður lagt bann við gróðursetningu framandi trjátegunda innan birkiskógarins og lagt til að áframhaldandi skógrækt miðist við birkitré. Náttúrufræðistofnun telur rétt að kveða sterkar á um þetta og jafnvel að eingöngu íslenskar tegundir komi til greina við skógrækt á svæðinu. Sérstaklega ætti að taka fram að stafafura teljist ekki viðeigandi vegna þess að hún uppfyllir skilyrði um að vera framandi ágeng tegund héraðs.

Flóra svæðisins er lítt þekkt og ekki eru upplýsingar um sjaldgæfar plöntur þar. Lagt er til að áður en farið verður út í framkvæmdir verði flóra svæðisins könnuð og þá einkum með tilliti til válistaplantna.

Náttúrufræðistofnun fagnar því að öll ný mannvirki verði staðsett utan 100 metra jaðarsvæðis frá bakka Ytri-Rangár. Þetta samræmist tillögum stofnunarinnar að B-hluta náttúruvinnjaskrár, þar sem lögð er áhersla á að jaðarsvæðum vatnavistgerða verði ekki raskað innan 100 m, að settar verði skorður við byggingar og að dregið verði úr lífrænni mengun. Slíkt stuðlar að vernd líffræðilegs fjölbreytileika og vatnsgæða.

Ljóst er að svæðið ber merki fyrri nýtingar og lúpína hefur dreift sér víða. Á opnum svæðum eru þó aðstæður sem kunna að henta mófuglum, t.d. spóa og heiðlóu. Þar sem þessar tegundir þrífast ekki í skóglendi gæti það verið þeim til hagsbóta ef viðhaldið yrði opnu landi með áherslu á landgræðslu og ræktun grastegunda, frekar en að beina allri áherslu að frekari skógrækt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við vinnslutillöguna.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir

líffræðingur